



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna

Reykjavík 15. mars 2023

2212024SA KB/agb

Málalykill: 13.20

Efni: Innleiðing heimsmarkmiðanna hjá sveitarfélögum – könnun á stöðu vegna skýrslu til Sameinuðu þjóðanna

Á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna í júlí nk. mun forsætisráðherra kynna skýrslu um stöðu innleiðingar heimsmarkmiðanna á Íslandi. Sambandinu hefur, f.h. íslenskra sveitarfélaga, verið boðið að taka þátt í skýrslugerðinni. Mikilvægur þáttur í skýrslu um innleiðingu heimsmarkmiðanna í íslenskum sveitarfélögum verða svör þeirra á samnorrænni könnun um heimsmarkmiða- og sjálfbærnivinnu sveitarfélaga.

Tilgangur þessa bréf er að hvetja sveitarfélög til að svara þessari könnun. Það tekur aðeins um 10 mínútur og með því að fara í gegnum könnunina fæst yfirsýn yfir á hvaða þætti er mikilvægt að leggja áherslu á við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum. **Við viljum því ekki síst hvetja sveitarfélög, sem ekki hafa tekið formlega afstöðu til að vinna að innleiðingu markmiðanna, til að fara í gegnum allar spurningarnar og senda svör.** Einnig vegna þess tilgangs könnunarinnar að fá yfirsýn yfir hvaða þættir eru að hindra innleiðingu og að hvaða leyti sveitarfélög þarfnast stuðnings til að vinna að markmiðunum.

Aðeins skal senda eitt svar frá hverju sveitarfélagi. Mælt er með því að starfsmaður, sem hefur umsjón með heimsmarkmiðavinnunni, sjái um að taka saman svör en ef slíkum starfsmanni er ekki til að dreifa hafi framkvæmdastjóri/oddeviti sveitarfélagsins umsjón með svörum. **Svarfrestur er til 31. mars nk.** Tengill á könnunina er á [ÞESSARI slóð](#).

Íslensk sveitarfélög sýndu strax í upphafi áhuga á að vinna að framgangi heimsmarkmiðanna og árið 2019 skrifuðu 44 af 69 sveitarfélögum undir yfirlýsingu um að vinna saman að innleiðingu þeirra. Sambandið hefur lagt áherslu á að styðja við innleiðingu markmiðanna í sveitarfélögum. Það fékk m.a. styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að standa fyrir 6 mánaða stuðningsverkefni við sveitarfélög 2021-2022 til að fylgja eftir [verkfærakistu fyrir sveitarfélög](#) sem var gefin út í samstarfi ríkis og sveitarfélaga. [Tæplega helmingur sveitarfélaga tók þátt í því verkefni.](#) Nú er verið að leggja síðustu hönd á námsefni um heimsmarkmiðin í Sveitarfélagaskólanum og í samstarfi ríkis og sveitarfélaga hefur verið unnið að þróun HM-mælikvarða fyrir sveitarfélög.

Í stefnumörkun landsþings sambandsins fyrir núverandi kjörtímabil er rík áhersla á heimsmarkmiðin. Þannig er kveðið á um í meginmarkmiði 1.12 að heimsmarkmiðin skuli vera leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar, ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstigi. Í markmiði 9.11 er síðan áréttað að sambandið eigi að styðja sveitarfélög í innleiðingu markmiðanna.


Sambandið vill því eindregið hvetja þau sveitarfélög sem ekki hafa hafið markvissa innleiðingu markmiðanna að kynna sér þau og ávinning af innleiðingu. Stjórnvöld, bæði í sveitarfélögum og hjá ríkinu standa frammi fyrir stórum áskorunum, s.s. vegna loftslagsváringarinnar, sem kalla á víðtækt samstarf og heildstæða nálgun. Heimsmarkmiðin hafa reynst gott sameiningartákn og stjórnþæki þar sem þau fela í sér samstarfsramma sem allir geta tengt við.

[Hér er tengill á örstutt myndbönd](#) þar sem bæjar- og sveitarstjórar segja frá því af hverju þeirra sveitarfélög hafa valið að leggja markmiðin til grundvallar og hverju vinnan hefur skilað. Er þess farið á leit að þau verði sýnd á fundi sveitarstjórnar í tengslum við framlagningu þessa bréfs.

Sambandið býður einnig upp á kynningarfund á netinu um heimsmarkmiðin í sveitarfélögum, 29. mars nk. kl. 09:00-10:00. Fundurinn er öllum opin en sveitarfélög sem hafa ekki hafið markvissa vinnu að innleiðingu heimsmarkmiðanna eru sérstaklega hvött til að taka þátt í fundinum. [Skráningartengill hér](#).

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri